

Nd.

124. Frumvarp til laga

[104. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Flm.: Jónas Rafnar, Helgi Jónasson, Pétur Ottesen, Kjartan J. Jóhannsson.

1. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist ný málsg.:

Þegar byggingarstyrkur ríkissjóðs til sjúkrahúss er ákveðinn, skal miða styrkinn við eðlilegan kostnað af að reisa sjálfa bygginguna með öllu múr- og naglföstu og kostnað við lagfæringu á lóð. Með múr- og naglföstu skal telja öll meiri háttar eldunartæki og matreiðsluvélar, sem notast eiga til frambúðar í eldhúsi, meiri háttar þvottavélar í þvottahúsi, svo og, þegar um er að ræða 20 rúma sjúkrahús og stærri, aðalröntgentæki, enda sé búnaður þessa við hæfi sjúkrahússins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra einnig ná til sjúkrahúsa, sem tekin hafa verið í notkun síðan 1. janúar árið 1952.

Greinargerð.

Litið hefur verið svo á, að skilja bæri ákvæði í lögum um framlög ríkisins til sjúkrahúsbygginga þannig, að þar komi eigi til greina annað en kostnaðurinn, sem leiðir af húsbyggingunni einni saman. Af þessu leiðir, að ríkisframlagið tekur ekki að neinu leyti til þess kostnaðar, sem hlýzt af kaupum á áhöldum og lækningatækjum. Við að koma upp nýtzísku sjúkrahúsum eru kaup á nauðsynlegum tækjum mjög mikill kostnaðarliður.

Reynslan hefur sýnt, að bæjar- og sveitarfélögum, sem standa að byggingu stórra og dýrra sjúkrahúsa, er erfitt að reisa rönd við kostnaðinum, eins og nú er háttað öllu verðlagi í landinu. Það verður því ekki hjá því komizt, ef kleift á að reynast fyrir þessa aðila að standa straum af hinum mikla kostnaði við kaup á alls konar meiri háttar áhöldum, að ríkissjóður greiði þar af sama hluta og til byggingarinnar sjálfrar.

Með frumvarpi þessu er því lagt til, að ríkisframlagið nái einnig til kaupa á nauðsynlegustu tækjum til sjúkrahúsanna.